

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Borgarbyggð.

*Bjargsland II í Borgarnesi, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti samhljóða 15. maí 2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjargsland II í Borgarnesi. Lögð var fram uppfærð tillaga dags. 18. febrúar 2020. Markmið tillögunnar snýr að breytingu á tveimur fjölbýlishúsalóðum þar sem er gert ráð fyrir 28 íbúðum í eina sameiginlega lóð fyrir 6 tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 30 íbúðum. Um er að ræða 24 u.þ.b. 90 m<sup>2</sup> íbúðir og 6 u.þ.b. 50 m<sup>2</sup> íbúðir. Stærð sameiginlegrar lóðar breytist ekki. Hámarkshæð frá neðsta gólfi (jarðhæð) að þakbrúnum er 6 metrar. Á lóð skal gera ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð af stærri gerðinni og einu bílastæði fyrir hverja íbúð af minni gerð og eru þar með talin bílastæði fyrir fatlaða. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust frá umsagnaradilum.

Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Borgarnesi, 19. júní 2020.*

**Þórdís Sif Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2020